

Ræða við opnun Kvíabryggju 3. október 2007

Þegar ég tók við þessu starfi mínu fyrir rúmum 3 árum voru uppi áfom um að byggja nýtt vinnu- og öryggisfangelsi á Hólmsheiði og leggja niður Hegningarhúsið. Önnur fangelsi átti að reka óbreytt, að öðru leyti en því að nefnt var við mig að hugsanlega mætti leggja niður Fangelsið Kvíabryggju, enda staðurinn óhagstæð rekstrareining. Sem betur fer náði hvorug þessara hugmynda lengra.

Þegar FMS lagði fram skýrslu í árslok 2004 um markmið í fangelsismálum og heildaruppbyggingu fangelsanna, tók dómsmálaráðherra, Björn Bjarnason, einarða afstöðu með henni. Síðan hefur verið unnið í samræmi við hana.

Dagurinn í dag er stór dagur í starfsemi FMS. Við erum nefnilega ekki stödd hér í dag eingöngu til að fagna umfangsmiklum verklegum endurbótum og fjölgun herbergja. Tilefnið er mun stærra.

Í fyrsta lagi erum við að fagna því að nú er unnt að vista fleiri fanga en áður við opnar aðstæður, en á því var brýn þörf.

Í öðru lagi erum við að fagna því að þetta er fyrsti liðurinn í heildaruppbyggingu fangelsanna í landinu.

Í þriðja lagi erum við að kynna breytingar á rekstri fangelsisins sem gefur tóninn fyrir það sem koma skal í öðrum fangelsum.

Opið fangelsi

Kvíabryggja er nú skilgreind sem opið fangelsi. En hvað er opið fangelsi? Er hugtakið “Opið fangelsi” ekki í andstöðu við meginmarkmið Fangelsismálastofnunar, um að afplánun fanga skuli fara fram með öruggum hætti, þannig að réttaröryggi borgaranna sé tryggt? Svar mitt við þeirri spurningu er: Nei. Þvert á móti.

Vistun fanga við opnar aðstæður leggur aftur á móti þá ábyrgð á hendur Fangelsismálastofnunar að meta með allmikilli vissu hvaða fangar séu hæfir til að vistast við slíkar aðstæður. Ábyrgð sem við erum vissulega reiðubúin að axla.

Hin almenna skilgreining á opnu fangelsi, felur í sér að ekki er sýnileg umgjörð um staðinn sem gefur til kynna að um fangelsi sé að ræða. Þannig eru ekki rimlar fyrir gluggum, herbergjum er ekki læst af fangavörðum á kvöldin og það er ekki múr umhverfis staðinn. Í raun er varla fjárheld girðing umhverfis Kvíabryggju.

Fangi sér því fljótlega við komu á staðinn að það eru nánast engar sýnilegar hömlur á því að hann gangi bara á braut. En af hverju gerir hann það þá ekki? Jú, hann hugsar um afleiðingarnar, bæði fyrir sig og fjölskyldu sína. Hann þarf að axla þessa ábyrgð sjálfviljugur, ábyrgð sem hann er að mestu laus við í öryggisfangelsi. Þessi hugsunarháttur er mikilvægur í vinnu okkar með fanga og í samræmi við þá almennu skoðun í þessum fræðum að æskilegt sé að vista fanga ekki við meira öryggi en þörf krefur.

Opinn hugur.

Kvíabryggja stendur fanga ekki til boða nema hugur fangans sé opinn fyrir vistun sem þessari. Vistun hér felst ekki í því að tryggja fanganum ró og næði til þess að hann geti óáreittur talið dagana þar til afplánun lýkur. Hann þarf að axla alla þá ábyrgð sem dvölinni fylgir og taka af fullum krafti þátt í þeirri starfsemi sem hér fer fram.

En hugur okkar hinna þarf líka að vera opinn. Eins og þið sjáið er glæsilegt um að litast hér á Kvíabryggju og aðstæður allar til fyrirmyndar. En e.t.v. hnussar í einhverjum. Þetta er bara eins og 5 stjörnu hótél. Kallið þið þetta refsingu? Við þau ykkar sem þannig hugsa vil ég minna á þetta.

Frelssvipting er refsing. Það er refsingin. Í okkar nútímalega þjóðfélagi, þar sem hraði er allsráðandi og tækifærin óteljandi, er frelsi “verðlagt” mun hærra en áður. Það að njóta frelssis er því að margra mati dýrmætara í dag en það var fyrir nokkrum áratugum. Það er því hrein fjarstæða sem við heyrum stundum, að menn vilji bara vera í fangelsi til að fá góðan mat og húsaskjól. Og það stoðar heldur ekki að segja: “Þeir eiga að finna fyrir því þessir glæpamenn”, því að þessir menn sitja ekki inni fyrir lífstíð. Við verðum að spyrja okkur hvernig við viljum að þeir komi út í þjóðfélagið til okkar. Viljum við að þeir komi út sem menn, sem hafa tekið líf sitt til endurskoðunar eða menn, fullir af hefndarþorsta sem telja sig engu hafa að tapa.

Það er kunn staðreynd að umhverfið er einn þáttur í að maðurinn haldi sjálfsvirðingu sinni og er þýðingarmikið við að bæta líðan manna. Þetta atriði er haft í huga við hönnun nýs Háskólasjúkrahúss. Áhersla verður lögð á liti, skreytingar og umhverfi allt, gagngert til að flýta fyrir bata. Þessu er ekkert ólíkt farið í fangelsunum. Umhverfið hefur áhrif. Fallegt umhverfi opnar hug manna á jákvæðan hátt.

Opið fangelsi opnar fanganum nýjar leiðir.

Í opnu fangelsi er unnt að gera lífið sem líkast því sem það er okkur hinum, að því undanskildu að fanginn hefur verið sviptur frelsi sínu. Hér eiga þeir að vakna á ákveðnum tíma alla virka daga, halda herbergjum sínum snyrtilegum. Þeir eiga að ganga til vinnu eða náms og sé vinna ekki tiltæk, eiga þeir að takast á við önnur verkefni sem í boði eru. Þeir eiga að sjá um alla matseld, sitja sameiginlega fundi og stunda útivist. Með öðrum orðum: Að þjálfa sig í lífsleikni, sem miðar að því að þeir verði í stakk búnir til að lifa eðlilegu, heilbrigðu lífi.

Að lokum

Markmið Fangelsismálastofnunar varðandi fullnustu refsinga eru skýr. Með þeirri vinnu sem unnin er í fangelsunum með menntun og endurhæfingu fanga er lagður grunnur að því að þeir geti snúið áfallalaust aftur út í samfélagið. Bein tengsl eru á milli þess hvernig til tekst og öryggis hins almenna borgara.

Þessi vinna getur ekki eingöngu farið fram í fangelsunum heldur þarf aðstoð samfélagsins í heild að koma til. Við þurfum því á tengslum við aðra að halda. Við þurfum að geta sent fanga, sem við treystum í skóla utan fangelsis, í vinnu eða á námskeið. Þá mega heilbrigðisstofnanir ekki vera lokaðar föngum vegna fordóma. Við þurfum fagfólk til vinnu innan fangelsanna. Við viljum bjóða listamenn og aðra þá sem vilja koma með uppbyggilegt efni velkomna í fangelsin.

Kvíabryggja á að vera eftirsóttur afplánunarstaður af þeirri einföldu ástæðu að þar fá menn gott tækifæri til þess að búa við aðstæður sem eru krefjandi en um leið uppbyggjandi.

Ég þakka áheyrnina og óska öllum til hamingju með daginn.

Valtýr Sigurðsson